

Samþykktir þessar eru í samræmi við fyrirmynd að samþykkt, sem birt er með 193
auglýsingu nr. 92 12. júní 1946, Stj.tíð. B., bls. 174—179.

28. okt.

Félagsmálaráðuneytið, 28. október 1953.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Gunnlaugur Þórðarson.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Breiðfirðinga“, út- 194
gefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 2. desember 1953. — 2. des.
Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

Minningarsjóðs Breiðfirðinga.

1. gr.

Sjóðurinn nefnist: Minningarsjóður Breiðfirðinga.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður með minningargjöfum og mun veita viðtöku minningargjöfum um Breiðfirðinga á ókomnum tímum.

3. gr.

Sjóðurinn skal vera skiptur inn á við þannig, að ef einhver æskir þess að mynda sérstakan sjóð, er beri nafn ákveðins Breiðfirðings, eins eða fleiri, svo sem foreldra systkina o. s. frv., skal skrá stutt æviágrip þeirra og þar á eftir minningargjafir þær, er þá og eftirleiðis gefast á þeirra nöfn.

Allir sjóðir, er kunna að myndast á þennan hátt með sérstöku bókhaldi, skulu samt heyra undir sameiginlega stjórn aðalsjóðsins, tilgang hans og aðalbókhald og skulu starfa út á við sem einn sjóður undir aðalheitinu.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja hvers konar menningarviðleitni, sem varða breiðfirzk málefni heima og heiman, svo sem útgáfu rita um breiðfirzk efni, söfnun breiðfirzkra fræða, nám efnilegra breiðfirzkra nemenda, skógrækt við Breiðafjörð, líkmarstörf o. fl., sem aðkallandi væri á hverjum tíma og unnt þætti að styrkja þegar sjóðurinn vex til framkvæmda.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð 3 mönnum, kosnum af stjórn Breiðfirðingafélagsins árlega, og skal þess gætt, að hver sýsla innan félagssvæðisins hafi sinn fulltrúa.

Stjórn sjóðsins annast sölu minningarspjalda, sér um bókhald og minningarskráningu, gerir tillögu til stjórnar Breiðfirðingafélagsins um starfsemi sjóðsins hverju sinni og afhendir henni endurskoðaða reikninga sjóðsins um hver áramót.

6. gr.

Ef Breiðfirðingafélagið hættir störfum skulu sýslumenn við Breiðafjörð bera ábyrgð á sjóðnum og áframhaldandi starfi hans, en yrði Breiðfirðingafélagið stofnað á ný tekur það aftur við sjóðnum.